

Fundargerð 83. fundar

skólamálanefndar sambandsins

Árið 2014, þriðjudaginn 21. janúar kl. 10:30 kom skólamálanefnd sambandsins saman til sérstaks vinnufundar sem haldinn var í Nauthóli við Nauthólsveg.

Fundinn sátu: Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæ, Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi á Fljótsdalshéraði, Kristín Hreinsdóttir fv. framkvæmdastjóri Skólaskrifstofu Suðurlands, Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri í Reykjavík og Gunnar Gíslason fræðslustjóri á Akureyri. Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn sambandsins: Svandís Ingimundardóttir, Guðjón Bragason, Klara E Finnbogadóttir, Klara E. Finnbogadóttir, Valgerður Freyja Ágústsdóttir og Þóra Björg Jónsdóttir,

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fagráð um símenntun og starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara - 1212031SA

Skilgreina þarf hlutverk og aðkomu sambandsins og sveitarfélaga að símenntun og starfsþróun í samhengi við stefnumótun fagráðsins. Gunnar Gíslason leiddi umræðuna.

Gunnar greindi frá vinnu fagráðsins við skilgreiningu á hugtakinu símenntun/starfsþróun sem liggja þarf til grundvallar stefnumótun. Klara E. Finnbogadóttir lagði fram breytingatillögu (við vinnuskjal Jóns Torfa Jónssonar) þar sem hlutverk og aðkoma sambandsins að símenntun/starfsþróun er aðgreint frá sveitarfélögum enda ábyrgð og skyldur ólíkar. Talsverð umræða spannst um möguleika sambandsins til þess að leggja sveitarfélögum lið við starfsþróunaráætlanir t.a.m. á námskeiðum að loknum sveitarstjórnarkosningum 2014. Hvetja þurfi sveitarfélög til samstarfs um símenntun og starfsþróun til þess að auka slagkraftinn. Miklar vonir eru bundnar við starfsemi fagráðsins en nýverið var auglýst eftir starfsmanni í hálfstarf sem fylgir eftir starfsáætlunum þess.

2. Samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands - 1401026SA

Til umræðu var hlutverk Menntavísindasviðs HÍ vegna starfsþróunar og samstarf við sambandið. Edda Kjartansdóttir forstöðumaður SRR, Gunnhildur Óskarsdóttir, deildarforseti grunnskóladeildar og Guðný Helga Gunnarsdóttir formaður Vettvangsráðs komu á fundinn. Jafnframt voru lögð fram drög að viljayfirlýsingu um faglegt samstarf sambandsins og Mvsv. til umræðu

Um framhald umræðu var að ræða frá síða fundi nefndarinnar. Gunnhildur greindi frá breytingum á grunnnámi kennara, nýjum námsleiðum þar sem starfandi grunnskólakennurum stendur til boða meistaranám sem skipulagt er samhliða starfi auk þess sem diplómanám í leikskólafræðum mun hefjast í haust. Tekið var undir það sjónarmið að sérhæfing á sviði stjórnunar,

sérkennslu o.fl. ætti að rúmast innan 5 ára námsins en ekki kalla á nýja meistaraáráðu.

Edda greindi frá þeim samdrætti sem orðið hefur í símenntunartilboðum til kennara og ástæður m.a. raktar til skipulagsbreytinga (m.a. fjármögnun) við yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga 1996. Vilji er til þess að efla samstarfið við skólaskrifstofur og símenntunarmiðstöðvar setja námskeið upp með skilvirkari hætti. Skoða þarf fjármögnun kerfisins í því samhengi. Sambandið og Menntavísindasvið (Mvsv) deila áhyggjum af mikilli fækkun kennaranema undanfarin ár. Ljóst er að sambandið og Mvsv geta lagst saman á árar í mörgum málum.

Drög að formlegri samstarfsyfirlýsing var lögð fram til kynningar og verður hún send Jóhönnu Einarsdóttur, forseta Mvsv. til skoðunar.

3. Talpjálfun grunnskólabarna - 1305031SA

Kynnt voru drög að samkomulagi við velferðarráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands um skiptingu ábyrgðar vegna þjónustu við börn sem þurfa talpjálfun.

Um er að ræða sambærileg samkomulagsdrög og lágu fyrir á fundi sambandsins, VEL og SÍ 17. desember 2012. Sambandið hefur lagt á það áherslu að ljúka samkomulaginu sem fyrst svo vinna starfshóps m.mrn. um stöðu barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun geti haldið óhindrað áfram. Sambandið hefur gert nokkrar athugasemdir við samkomulagsdrögin sem eru til umfjöllunar í ráðuneytinu og SÍ þessa dagana. Gert er ráð fyrir að undirritun fari fram fljótlega. Skólamálanefnd er sammála heildarmyndinni og styður breytingartillögur sambandsins. Bent var á að í 3. gr. 3. mgr. að greiningarpróf þau sem fyrir hendi eru þurfi að falla undir þá skilgreiningu að vera stöðluð.

4. Staða og framtíð Námsgagnastofnunar - 0612457SA

Gunnar Gíslason, fulltrúi sambandsins í stjórn Námsgagnastofnunar kynnti fyrirhugaða sameiningu stofnunarinnar við Námsmatsstofnun.

Skólamálanefnd telur tækifæri liggja í sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar og bindur vonir við að samlegðaráhrifin geti af sér stofnun sem skjóta muni styrkari stöðum undir þróun námsgagna og öflugt skólastarf. Rekstrarlegt hagræði mun skapast við sameiningu og mikilvægt að það verði notað til að efla námsgagnaútgáfu, sér í lagi rafræna, sem skorinn hefur verið of þröngur stakkur undanfarin ár. Mikilvægt er að fylgst sé með sameiningunni og að kallað verði eftir markmiðum hinnar nýju stofnunar. Skólamálanefnd leggur áherslu á að hin nýja stofnun hafi stjórn með aðkomu sveitarfélaganna í gegnum sambandið.

5. Niðurstöður PISA 2012 - 1312008SA

Framhaldið umræðu frá síðasta fundi og settar fram hugmyndir að aðgerðum að beiðni stjórnar sambandsins. Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði leiddi umræðuna.

Á fundi stjórnar sambandsins 13. desember 2013 var skólamálanefnd falið að setja fram "tillögur til úrbóta" í kjölfar niðurstaðna PISA 2012 sem sendar yrðu mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði, fór yfir minnisblað sem hún tók saman með helstu niðurstöðum PISA 2012 á Íslandi. Þar var jafnframt greint frá viðbrögðum Þýskalands (2000) og Svíþjóðar (2012) við niðurstöðum úr PISA ásamt umfjöllum um tvö fylki í Kanada, Ontario og Alberta, (2003) en nemendur þar hafa sýnt framfarir og komið vel út í PISA.

Skólamálanefnd leggur til að fulltrúar stjórnvalda, rekstraraðilar og aðrir hagsmunaaðilar komi saman á hugarflugsfundi með þjóðfundarsniði og setji fram hugmyndir að langtímaaðgerðum til aukins árangurs og umbóta. Afrakstur fundarins yrðu fá en skýr tímasett markmið til að lágmarki 12 ára. Þessu til viðbótar bendir skólamálanefndin á þær leiðir sem farnar hafa verið í Þýskalandi, Svíþjóð, Kanada og eflaust víðar. Þá telur skólamálanefnd að fara þurfi fram greining á skólum/sveitarfélögum á Íslandi og starfsumhverfi þeirra sem náðu hvað bestum árangri í PISA 2012 og hafa sýnt framfarir milli kannana.

Gunnar Einarsson yfirgaf fundinn.

6. Endurskoðun skólamálastefnu sambandsins - 1303112SA

Lögð verður lokahönd á áherslur sambandsins í skólamálu fyrir tímabilið 2014-2018 sem tekur við af skólamálastefnu sambandsins.

Unnið var að lokagerð áherslna sambandsins í skólamálu og farið skipulega yfir alla megin áherslupætti. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið um mánaðamótin feb/mars þegar áætlað er að vinnufundur stjórnar sambandsins fari fram um stefnumörkun sambandsins fyrir næsta kjörtímabil.

7. Starfsáætlun 2014 - 1311022SA

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs kynnti starfsáætlun sviðsins í skólamálu fyrir 2014 og árangursmat vegna 2013 í tengslum við umræðu um mótun áherslna í skólamálu.

Umræða um starfsáætlun var tekin samhliða lið 6.

8. Kjarasamningaviðræður við FG 2014 - 1311072SA

Á fundi sem haldinn var 15. janúar með samninganefnd FG kom fram ósk frá Ólafi Loftssyni um að funda með fulltrúum úr skólamálanefnd, Skólástjórafélagi Íslands og sambandsins um hátt þjónustustig grunnskólans og endurskoðun þess án þess að gæði skólastarfs yrðu skert.

Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði, upplýsti um stöðu viðræðna við Félag grunnskólakennara hvar virðist vera góður gangur. Ákveðið var að Gunnar Gíslason og Helga Guðmundsdóttir yrðu fulltrúar skólamálanefndar á umræddum samráðsfundi sem fram fer 22. janúar.

Fundi var slitið kl. 16:30